

ÞINGSKJAL NR. 23

STARFSUMHVERFI ÍPRÓTTAHREYFINGARINNAR
TILLAGA FRÁ HSK

54. sambandsþing UMFI, haldið á Fosshóteli í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, skorar á ríki og sveitarfélög að taka nú þegar upp samtal við íþróttahreyfinguna á Íslandi, varðandi starfsumhverfi hennar, m.a. fjármálaumhverfi, starfsumhverfi, lagalegt umhverfi o.fl.

Greinargerð:

Það er ljóst að blikur eru á lofti í starfi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Bæði hvaða varðar fjármál og sjálfbóðaliðastarf. Sífellt erfiðara er orðið að fá fólk til starfa fyrir hreyfinguna í sjálfbóðaliðastarfi. Það sem ekki síst hefur orðið til þess er sú staða sem uppi er varðandi fjármál hennar. Sífellt erfiðara er orðið að fjármagna starfið með öðru en greiddum æfingagjöldum, sem engan vegin standa undir íþróttastarfinu. Kvaðir yfirvalda um persónulegar ábyrgðir stjórnarmanna íþróttafélaga, skattaumhverfi o.fl.. hefur orðið til þess að fleiri og fleiri vilja ekki koma nálægt þessu starfi.

Löngu er orðið tímabært að ríkisvaldið setji sérstakar reglur um íþróttafélög á Íslandi, hvaða varðar ýmislegt í umhverfi þeirra, s.s. ábyrgðir, skattamál, fjármál, ívilnanir o.fl..

Ef ekkert verður að gert mun starfsemi íþróttafélaga leggjast niður á næstu árum.

Vísað til: Allsherjar- og laganefundar.

Samþykkt samhljóða.